

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 94/1963 um hina almennu deild bátaflotans við Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

Nafn reglugerðarinnar skal vera:
Reglugerð um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

2. gr.

Nú fær útgerðarmaður bætur úr sjóðnum, og getur þá sjóðsstjórn krafist þeirrar tryggingar af bótaþega, sem henni þykir þörf á, fyrir því að bótaupphæð verði varið til greiðslu á eftirfarandi gjaldaliðum, sem hafi forgang, í þeirri röð sem hér er talið: Kaup og fæði sjómanna, og váttryggingagjöld og önnur hliðstæð gjöld.

Sjóðsstjórn skal sjá til þess að bótaþegar fullnægi fyrirmælum þessarar gr., varðandi kaup og fæðiskostnað sjómanna þannig að þessir liðir verði greiddir. Verði misbrestur á því að sjómenn fái kaup sitt eða fæði greitt, skal sjóðsstjórn greiða það fyrir hönd útgerðarmanns, enda má skuldajafna greiðslunni við bætur, sem viðkomandi útgerðarmaður kann að fá síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 80 16. september 1971 og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið 22. maí 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Ingimar Einarsson.

REGLUGERÐ

um afnám banns við línuveiðum við Snæfellsnes.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 83 7. febrúar 1978, um bann við línuveiðum við Snæfellsnes.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. maí 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.